

Sp.

270. Tillaga til þingsályktunar

[153. mál]

um vaxtakjör atvinnuveganna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afla upplýsinga um vaxtakjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem Íslendingar keppa við á erlendum mörkuðum, og að vinna síðan að því, að vaxtakjör íslenzkra atvinnuvega verði ekki lakari en vaxtakjör hliðstæðra atvinnuvega hjá framangreindum þjóðum.

Greinargerð.

Það er undirstaða að öruggri afkomu þjóðarinnar, að atvinnuvegir hennar séu samkeppnisfærir við atvinnuvegi annarra þjóða. Hið opinbera verður að gera allt, sem stendur í valdi þess, til þess að svo megi vera. Í þeim efnum er það ekki sízt þýðingarmikið, að atvinnuvegirnir búi við ekki lakari vaxtakjör en tíðkast annars staðar. Mikið skortir nú á, að svo sé. Til dæmis um þetta má geta þess, að Haraldur Böðvarsson útgerðarmaður á Akranesi skýrði frá því í Morgunblaðinu á s. l. hausti, að fjögur fyrirtæki, sem fást við útgerð og skyldan rekstur á Akranesi, mundu greiða 8 millj. kr. í vexti á árinu 1960. Norsk sjávarútvegsfyrirtæki, sem hefðu svipað lánsfé undir höndum, munu hins vegar þurfa að greiða af því í mesta lagi 2—2.5 millj. kr. í árlega vexti.

Það gefur auga leið, að slík aðstaða í vaxtamálum gerir íslenzka atvinnuvegi ósamkeppnishæfa. Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin kynni sér vaxtakjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem helst keppa við okkur, og vinni síðan að því, að vaxtakjör atvinnuveganna verði ekki lakari hér en hjá umræddum þjóðum.